



Ársreikningur 2015

Íslandssjóðir hf.
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík
kt. 690694-2719

A-hluti

Ársreikningur Íslandssjóða hf.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	5
Áritun óháðs endurskoðanda	8
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Skýringar	12
Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð	19

B-hluti

Ársreikningur verðbréfasjóða

Samandreginn ársreikningur verðbréfasjóða	24
Rekstrarreikningur	25
Efnahagsreikningur	26
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	27
Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða	28
Skýringar	37

Ársreikningur fjárfestingarsjóða

Samandreginn ársreikningur fjárfestingarsjóða	54
Rekstrarreikningur	55
Efnahagsreikningur	56
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	57
Sérgreind sundurliðun fjárfestingarsjóða	58
Skýringar	69

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslandssjóðir hf. er sérhæft félag á sviði eignastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða. Íslandssjóðir starfa á grundvelli laga um hlutafélög nr. 2/1995, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði nr. 128/2011. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. og hluti af samstæðu hans, en Íslandsbanki hf. á 99,7% hlutafjár í félaginu og OIF ehf. á 0,30% hlutafjár í félaginu.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins sjálfs og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem voru í rekstri félagsins. Þessi framsetning er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Starfsemin á árinu

Í árslok 2015 voru 25 verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 126.628 milljónum króna. Þar af eru 12 verðbréfasjóðir með hreina eign að fjárhæð 83.528 milljónir króna og 13 fjárfestingarsjóðir með hreina eign að fjárhæð 43.100 milljónir króna. Rúmlega níu þúsund fjárfestar eiga hlutdeildarskírteini í sjóðum Íslandssjóða.

Fjárfestingarsjóðurinn IS Einkasöfn var stofnaður í upphafi árs 2015 en sjóðurinn starfar í fimm sjóðsdeildum (A-E). Sjóðirnir eru blandaðir og fjárfesta bæði í öðrum sjóðum og stökum verðbréfum. Í desember voru stofnaðir tveir fjárfestingarsjóðir til viðbótar; IS Sértryggður sjóður og IS Sértryggður VTR sjóður.

Í árslok störfuðu 11 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur ársins 220 milljónum króna að meðtöldum stjórnarlaunum, launum vegna undirnefnda og annarra nefnda á vegum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins 532 milljónum króna árið 2015. Eigið fé félagsins nam 2.395 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi í lok ársins. Eiginfjárhlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 69,2% en lögbundið lágmark er 8%.

Á árinu var greiddur út arður til hluthafa sem nam 75% af hagnaði ársins 2014 og nam hann 171 milljón króna. Stjórn Íslandssjóða leggur til að á árinu 2016 verði greiddur arður að fjárhæð 399 milljónir króna sem samsvarar 75% af hagnaði ársins 2015.

Árið á skuldabréfamarkaði var viðburðarríkt en kaflaskipt. Fyrri hluti ársins einkenndist af áhyggjum af háum launakröfum á vinnumarkaði og vaxandi verðbólgu í kjölfarið. Seðlabankinn brást við með því að hækka vexti um 1,25% á árinu í þremur skrefum og voru þetta jafnframt fyrstu stýrivaxtahækkanirnar síðan 2012. Áhyggjur fjárfesta af vaxandi verðbólgu dvínuðu þó nokkuð þegar líða tók á árið. Heilt yfir var ávöxtun á skuldabréfamarkaði góð á árinu. Verðtryggð skuldabréf höfðu vinninginn á fyrri árshelmingi með hækkandi verðbólguálagi en á seinni árshelmingi gáfu óverðtryggð skuldabréfin betri ávöxtun. Löng skuldabréf gáfu almennt betri ávöxtun en styttri og gáfu HFF44 og RIKB31 bestu ávöxtunina á árinu.

Árið 2015 einkenndist af sterkum hlutabréfamarkaði og sterku íslensku hagkerfi. Seðlabankinn keypti gjaldeyri fyrir 272 milljarða króna á sama tíma og krónan styrktist um 7,9%, verðbólga var 2% í árslok og hagvöxtur fyrstu 9 mánuði ársins var 4,5%. Styrkur hagkerfisins smitaðist yfir í uppgjör skráðu félaganna á markaði en sölu og hagnaðaraukning var mikil hjá flestum þeirra. Heildarvísitala heildarafkomu (OMXIGI) þar sem arðgreiðslur eru reiknaðar inn í ávöxtun skilaði ávöxtun upp á 42,3% en heildarvísitalan án arðgreiðslna (OMXIPi) skilaði 38,0% hækkun. Úrvalsvísitalan (OMXI8) hækkaði svo um 43,4%. Hækkanir voru nokkuð hægar framan af ári en tóku hressilega við sér þegar líða fór á sumar. Tilkynning ríkisstjórnar og Seðlabanka um áætlun varðandi afnám hafta varð til þess að erlendir fjárfestar keyptu óverðtryggð skuldabréf í stórum stíl sem ýttu ávöxtunarkröfu skuldabréfa töluvert niður sem ásamt góðum uppgjörum félaganna leiddi til þeirrar ávöxtunar sem til kom.

Öll félögin í Kauphöllinni skiluðu jákvæðri ávöxtun á árinu en mismikilli þó. Nýherji kom sér aftur inn í fjárfestingarmengið og hækkaði mest allra félaga á árinu eða um 257,1%. Þar á eftir komu svo Marel (+84,6%) og Icelandair Group (+69,2%). Eimskip hækkaði félaga minnst eða um 1,6% en önnur félög hækkuðu töluvert meira auk þess sem arðgreiðslur, hlutafjárhlækkunir og kaup á eigin bréfum voru áberandi á árinu. Þrjú félög voru skráð á aðalmarkað Kauphallarinnar á árinu, fasteignafélögin Reitir og EIK komu inn á markað í apríl og Síminn bættist svo við í októbermánuði. Heildarvelta í viðskiptum með hlutabréf jókst um 101 ma.kr. á milli ára og nam 392 ma.kr. árið 2015. Félög á aðallista eru nú orðin 16 talsins og er markaðsvirði þeirra 974 ma.kr. en var 680 ma.kr. í lok árs 2014.

Skýrsla stjórnar

Í árslok voru eignir sjóða í slitameðferð samtals 911 milljónir króna. Frá upphafi slitameðferðar sjóðanna hafa verið greiddar út alls 33.208 milljónir króna til hlutdeildarskírteinishafa, 310 milljónir króna árið 2008, 12.346 milljónir króna árið 2009, 10.894 milljónir króna árið 2010, 3.792 milljónir króna árið 2011, 2.664 milljónir króna árið 2012, 505 milljónir króna árið 2013, 768 milljónir króna árið 2014 og 1.929 milljónir króna árið 2015. Af heildarútgreiðslum eru 3.389 milljónir króna vegna erlendra slitasjóða þar sem slitum er lokið og þeir því ekki lengur hluti af ársreikningi Íslandssjóða.

Slitastjórn Byrs sparisjóðs höfðaði mál gegn Íslandssjóðum og fleiri aðilum til að þola riftun á viðskiptum með skuldabréf útgefnum af Byr sparisjóði að fjárhæð 162 milljónir króna í ársbyrjun 2009 sem voru í eigu Sjóðs 1. Fyrir héraðsdómi voru Íslandssjóðir sýknaðir af kröfum stefnanda. Íslandsbanki var hins vegar dæmdur til að þola riftunina en bankinn var vörslufyrirtæki sjóðsins. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af Íslandsbanka og gagnstefndi slitastjórnin Íslandssjóðum inn í málið. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu í apríl síðastliðnum að Íslandssjóðum bæri að þola riftun vegna viðskiptanna og væri gert að greiða Byr sparisjóði um 162 milljónir króna ásamt dráttarvöxtum, samtals um 210 milljónir króna. Íslandssjóðir, fyrir hönd Sjóðs 1, hafa þegar greitt fjárhæðina til Byrs sparisjóðs, en áður hafði verið gert ráð fyrir fjárhæðinni í uppgjöri Sjóðs 1. Í kjölfarið lýsti Sjóður 1 kröfu í bú Byrs sparisjóðs, að fjárhæð um 211 milljónir króna, sem var samþykkt. Það liggur hins vegar ekki fyrir að svo stöddu hversu mikið fæst greitt upp í kröfuna.

Stjórnarhættir og áhættustýring

Vandaðir stjórnarhættir, gagnsæi í vinnubrögðum og traust viðskiptavina er kappsmál stjórnar og starfsmanna Íslandssjóða. Starfsemin lýtur stefnum, reglum og ferlum sem ætlað er að tryggja sem best hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa. Á árinu 2015 var mótuð stefna félagsins um samfélagslega ábyrgð og var stefnan samþykkt af stjórn. Auk þess samþykkti stjórn á árinu nýja stefnu félagsins varðandi hagsmunaárekstra, stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og áætlun um nýtingu atkvæðisréttar á hluthafafundum félaga sem sjóðir í rekstri Íslandssjóða eiga eignarhlut í.

Íslandssjóðir fengu í desember 2013 viðurkenningu frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Viðurkenningin hefur verið endurnýjuð árlega síðan, síðast í ársbyrjun 2016.

Stefna Íslandssjóða er að meirihluti stjórnarmanna sé óháður. Í takt við þá stefnu eru þrír af fjórum stjórnarmönnum óháðir, bæði félaginu sjálfu, starfsmönnum þess og aðalhluthafa félagsins. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að sinna daglegum rekstri félagsins. Þetta fyrirkomulag er til þess fallið að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa séu ætíð í fyrirrúmi. Stjórn Íslandssjóða starfar eftir starfsreglum sem settar eru á grundvelli laga um hlutafélög, laga um fjármálafyrirtæki og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Starfsreglur stjórnar voru endurskoðaðar í janúar 2016 og eru aðgengilegar á vef Íslandssjóða, en þær kveða m.a. á um hæfi stjórnarmanna, upplýsingagjöf og verkaskiptingu. Einnig er kveðið á um að stjórn Íslandssjóða skuli eigi sjaldnar en árlega meta störf sín, verklag og starfshætti. Á vegum stjórnarinnar eru starfræktar tvær undirnefndir, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Meðal verkefna endurskoðunarnefndar er mat á innra eftirlitskerfi félagsins og áhættustýringu, könnun á fylgni við lög og reglur og mat á endurskoðunarskýrslum og öðrum störfum ytri endurskoðenda félagsins.

Á árinu voru haldnir 15 stjórnarfundir, þar af einn á rafrænu formi. Tveir formlegir fundir voru haldnir í endurskoðunarnefnd og einn í starfskjaranefnd. Innri endurskoðun kynnti stjórn og framkvæmdastjóra störf sín á árinu.

Áhættustýring Íslandssjóða er margþætt en meginmarkmið hennar er að fylgjast með áhættu í rekstri félagsins sjálfs og þeirra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem eru í stýringu þess. Stjórn Íslandssjóða hefur mótað og samþykkt áhættustefnu fyrir félagið og sjóði í rekstri þess þar sem m.a. er fjallað um áhættuvilja félagsins og framkvæmd áhættustýringar. Reglulega er fylgst með eignum sjóðanna og að þeir séu innan heimilda fjárfestingarstefnu og laga. Útreikningur á áhættu- og árangursmælikvörðum er veigamikill þáttur í áhættustýringu og eftirliti. Áhættustýring og innra eftirlit Íslandssjóða sér um skýrslugerð og reglulega upplýsingagjöf til starfsmanna, stjórnenda og eftirlitsaðila. Árlega er framkvæmt mat á helstu áhættuþáttum í rekstri félagsins og ytra umhverfi.

Upplýsingagjöf er mikilvægur þáttur í starfsemi Íslandssjóða. Á vefsíðu félagsins, www.islandssjodir.is, má meðal annars finna ítarlegar upplýsingar um Íslandssjóði, ársskýrslur, útdrátt úr stefnu varðandi hagsmunaárekstra, stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla, áætlun um nýtingu atkvæðisréttar, reglur um hæfi lykilstarfsmanna, siðareglur, starfsreglur stjórnar og samþykktir félagsins. Þar er einnig að finna verklagsreglur Íslandssjóða þar sem m.a. er fjallað um aðferðafræði við stýringu sjóða og innra eftirlit. Auk þess má finna á vefsíðu félagsins ávöxtunartölur, lykilupplýsingar, upplýsingablöð, reglur og útboðslýsingar verðbréfa- og fjárfestingarsjóða félagsins. Íslandssjóðir eru í samstarfi við Kelduna og Creditinfo sem birta upplýsingar um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði og samanburð þeirra.

Nánar um stjórnarhætti er vísað til stjórnarháttayfirlýsingar félagsins sem er birt á bls. 19 og telst hún hluti af skýrslu þessari.

Skýrsla stjórnar

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins saminn í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða, lög um fjármálafyrirtæki og ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar og framkvæmdastjóra glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins á árinu 2015.

Reykjavík, 29. febrúar 2016

Í stjórn:



Steinunn Bjarnadóttir, formaður



Bolli Héðinsson



Erna Eiríksdóttir



Kristján Björgvinsson

Framkvæmdastjóri:



Haraldur Örn Ólafsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Íslandssjóðum hf. og eigenda hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum Íslandssjóða hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslandssjóða hf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti, sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem inniheldur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar fyrir Íslandssjóði hf. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar fyrir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu. Stjórn og framkvæmdastjóri bera einnig ábyrgð á því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2015, efnahag félagsins og sjóðanna 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé og hreinni eign sjóðanna á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 29. febrúar 2016

Ernst & Young ehf.

Margrét Pétursdóttir

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2015

Rekstrartekjur	Skýr.	2015	2014
Umsýsluþóknun	2	1.283	1.272
Fjármunatekjur		60	76
Gengismunur	2	227	62
Aðrar rekstrartekjur		18	0
Rekstrartekjur samtals		1.588	1.410
Fjármagnsgjöld		(1)	(2)
Hreinar rekstrartekjur samtals		1.587	1.408
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	284	331
Þjónustugjöld til Íslandsbanka hf.	4	800	766
Bakfærð rekstrargjöld	5	(187)	0
Annar rekstrarkostnaður		25	26
Rekstrargjöld samtals		922	1.123
Hagnaður fyrir tekjuskatt		665	285
Tekjuskattur	6	(133)	(57)
Hagnaður ársins		532	228

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Fjárfestingar			
Verðbréf með föstum tekjum	2,8	784	765
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,8	1.532	1.171
Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum	2,9	0	50
Fjárfestingar samtals		2.316	1.986
Kröfur			
Kröfur á tengda aðila	10	190	133
Aðrar kröfur		2	1
Kröfur samtals		192	134
Aðrar eignir			
Handhafabréfs- og handveðsreikningar	7,10	105	120
Bankainnstæður	10,18	381	360
Aðrar eignir samtals		486	480
Eignir samtals		2.994	2.600
Eigið fé			
Hlutfé		25	25
Lögbundinn varasjóður		6	6
Óráðstafað eigið fé		2.364	2.004
Eigið fé samtals	12	2.395	2.035
Skuldir			
Tekjuskattsskuldbinding	15	1	1
Skuldir við tengda aðila	10,18	192	247
Reiknaðir skattar	2,6	133	55
Handhafabréfs- og handveðsreikningar	7	105	120
Aðrar skuldir	11	168	142
Skuldir samtals		599	565
Eigið fé og skuldir samtals		2.994	2.600

Yfirlit um sjóðstreymi 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		532	228
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gengisbreyting verðbréfa		(227)	(62)
Gjaldfærður tekjuskattur		133	57
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		438	223
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(145)	(42)
Handbært fé frá rekstri		293	181
Fjárfestingarhreyfingar			
Keypt verðbréf		(764)	(458)
Seld verðbréf		603	183
Afborganir skuldabréfaeignar		59	225
Fjárfestingarhreyfingar		(102)	(50)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	12	(171)	(224)
Breyting handbærs fjár		20	(94)
Handbært fé í ársbyrjun*		361	454
Handbært fé í árslok*		381	360

* Breytt hefur verið um aðferð við gerð sjóðstreymis þar sem handhafa- og handveðsreikningar eru ekki lengur hluti af handbæru fé. Samanburði við fyrra tímabil er breytt til samræmis.

1. Starfsemi

Íslandssjóðir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði nr. 128/2011. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag í eigu Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi Reykjavík. Aðsetur Íslandssjóða er að Kirkjusandi, Reykjavík og kennitala félagsins er 690694-2719.

Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Íslandssjóða hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. og er ársreikningur félagsins hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins:

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Umsýslubóknunir

Félagið fær umsýslubóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða auk fagfjárfestasjóða Íslandssjóða. Einnig fær félagið umsýslubóknun fyrir FAST-1 slhf. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs sem er ætlað að standa undir launum starfsmanna, markaðskostnaði og umsýslu við rekstur sjóðanna. Félagið fær hlutfallslega þóknun af eignasöfnum í stýringu. Að auki fær félagið árangurstengda þóknun fari árangur ákveðinna sjóða eða eignasafna umfram skilgreind viðmið.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi tímabilsins		Lokagengi	
	2015	2014	31.12.2015	31.12.2014
Bandaríkjadalur (USD)	131,85	116,75	129,28	126,60
Sterlingspund (GBP)	201,58	192,17	191,59	197,18
Norsk króna (NOK)	16,37	18,54	14,70	17,09
Evra (EUR)	146,30	154,86	140,93	153,84

Fjármunatekjur

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum, verðbótum og arðstekjum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning miðað við áfallna og greidda vexti og verðbætur. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu hjá viðkomandi félagi liggur fyrir.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Gengismunur

Gengismunur samanstendur af gangvirðisbreytingum verðbréfa og myntgengismun. Gangvirðisbreyting verðbréfa sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og viðskiptakostnaði vegna verðbréfakaupa. Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við áfallna og greidda vexti og viðskiptakostnað.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildir í árslok. Hlutabréf eru metin á markaðsvirði í árslok.

Verðbréf með föstum tekjum

Skuldabréf eru metin á opinberu gengi í árslok.

Handbært fé

Handbært fé er óbundnar bankainnstæður.

3. Laun og launatengd gjöld

	2015	2014
Laun	220	254
Launatengd gjöld	64	77
	284	331
Starfsmenn í árslok	11,0	13,0
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	12,8	16,6

Undir laun og launatengd gjöld falla laun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og annarra nefnda á vegum félagsins.

3. Laun og launatengd gjöld (framhald)

Launakjör stjórnenda Íslandssjóða hf. sundurliðast þannig:

Framkvæmdastjóri:	2015	2014
Haraldur Örn Ólafsson	24,1	21,6
Staðgengill framkvæmdastjóra	17,3	16,2
	41,4	37,8
Stjórn Íslandssjóða:		
Steinunn Bjarnadóttir	3,4	3,1
Kristján Björgvinsson	2,6	2,3
Erna Eiríksdóttir	2,5	2,4
Bolli Héðinsson	2,3	2,2
	10,8	10,0

4. Þjónustugjöld og innri kostnaður

Íslandssjóðir hafa gert þjónustusamning við Íslandsbanka þar sem bankinn tekur að sér sölu og ráðgjöf hlutdeildarskírteina, markaðssetningu, regluvörslu og innri endurskoðun, auk þess að sjá um bókhald, dagleg gengisuppgjör og skýrslugerð. Íslandsbanki tekur jafnframt að sér vörslu eigna sjóða í rekstri hjá Íslandssjóðum. Samtals greiddu Íslandssjóðir Íslandsbanka 800 milljónir króna fyrir þjónustu og annan rekstrarkostnað á árinu 2015.

Íslandssjóðir hafa einnig gert samstarfssamning við Virðingu hf., Arctica Finance og Eignastýringu fagfjárfesta hjá Arion banka um sölu hlutdeildarskírteina og við Kelduna um upplýsingagjöf á heimasíðunni www.keldan.is.

5. Bakfærð rekstrargjöld

Félagið færði niður skuld við Glitni frá fyrri árum vegna fyrningar skuldarinnar. Skuldin er tilkomin vegna þjónustugjalda og annarra krafna á árinu 2008 sem reiknaðar voru á sínum tíma og færðar til gjalda og skuldar en komu ekki til innheimtu.

6. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 133 milljónum króna.

	2015		2014	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	665		285	
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	133	20%	57	20%

7. Handhafabréfs- og handveðsreikningar

Handhafabréfs- og handveðsreikningar eru tilkomnir vegna innlausnar hlutdeildarskírteina úr verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Íslandssjóða sem eru í slitameðferð. Þessar fjárhæðir hafa ekki verið greiddar út vegna þess að eigendur höfðu veðsett hlutdeildarskírteinin eða eru ekki þekktir. Sama fjárhæð er því færð til eignar og skuldar í efnahagsreikningi Íslandssjóða.

8. Verðbréf

Verðbréf með breytilegum tekjum eru óskráð og greinast þannig:	31.12.2015	31.12.2014
Hlutdeildarskírteini útgefin af sjóðum reknum af Íslandssjóðum hf.	1.347	979
Hlutdeildarskírteini útgefin af öðrum	184	181
Eignarhlutir í hlutafélögum	1	11
	1.532	1.171
Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:		
Skráð á Nasdaq Iceland:		
Útgefin af opinberum aðilum	724	744
Önnur skráð verðbréf	60	21
	784	765
	2.316	1.936

9. Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum

Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum greinast þannig:	31.12.2015	31.12.2014
Íslandsbanki hf.	0	50
	0	50

Peningamarkaðsinnlán eru reiknuð upp með áföllnum vöxtum miðað við árslok.

10. Viðskipti við tengda aðila árið 2015

Tengdir aðilar Íslandssjóða hf. eru móðurfélagið, Íslandsbanki hf. ásamt dóttur- og hlutdeildarfélagum bankans, sjóðir í rekstri Íslandssjóða hf., stjórn og lykilstjórnendur Íslandssjóða hf. og aðilar þeim tengdir. Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu 2015. Viðskipti við tengda aðila eru á grundvelli þjónustusamninga og eru verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

	Tekjur	Gjöld	Kröfur	Skuldir
Íslandsbanki hf.	50	800	547	78
Verðbréfasjóðir Íslandssjóða hf.	749	0	59	114
Fjárfestingarsjóðir Íslandssjóða hf.	364	0	35	0
Fagfjárfestasjóðir Íslandssjóða hf.	148	0	69	0
	1.311	800	710	192

11. Aðrar skuldir

	31.12.2015	31.12.2014
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða	131	111
Ógreiddur kostnaður og þóknanir	2	1
Ógreidd laun og launatengd gjöld	35	30
	168	142

12. Eigið fé

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2014	25	6	2.000	2.031
Greiddur arður 2014			(224)	(224)
Hagnaður ársins			228	228
Eigið fé 31.12.2014	25	6	2.004	2.035
Greiddur arður 2015			(171)	(171)
Hagnaður ársins			532	532
Eigið fé 31.12.2015	25	6	2.364	2.395

13. Eiginfjárlutfall

Íslandssjóðir hf. nota staðalaðferð (e. standardised approach) til að reikna eiginfjárpörf sína vegna útlánaáhhættu og markaðsáhhættu. Eigið fé í lok ársins er 2.395 milljón króna eða 80% af niðurstöðu efnahagsreikningsins. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 69,2%, en lágmarkseiginfjárlutfall er 8,0% samkvæmt lögum. Hlutfallið sundurliðast þannig:

	31.12.2015	31.12.2014
Eiginfjárgrunnur	2.395	2.035
Heildar eiginfjárfkrafa greinist þannig:		
Útlánaáhhætta	100	72
Markaðsáhhætta	8	14
Rekstraráhhætta	0	0
Eiginfjárfkrafa samtals	108	86
Eiginfjárfkrafa miðað við fastan rekstrarkostnað	277	281
Eiginfjárlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárlutfall	69,2%	58,0%

Samkvæmt 84. grein laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar 25% af föstum rekstrarkostnaði ársins 2015. Eiginfjárgrunnur Íslandssjóða hf. var í lok ársins 216% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs.

Útlánaáhhætta: Eiginfjárfkrafa vegna útlánaáhhættu reiknast af fjáreignum félagsins í lok ársins.

Markaðsáhhætta: Gjaldreyrisáhhætta reiknast af handbæru fé, viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í erlendum gjaldmiðlum.

Rekstraráhhætta: Samkvæmt 2. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 eru rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin mati á rekstraráhhættu við útreikning á eiginfjárgrunni. Félagið fylgist vel með rekstraráhhættu félagsins.

14. Arðsemi eigna

Arðsemi eigna árið 2015 er 19,0% en var 8,8% árið 2014. Með arðsemi eigna er átt við hagnað félagsins eftir skatta sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna rekstarfélagsins samkvæmt efnahagsreikningi.

15. Tekjuskattsskuldbinding

	Skuldbinding
Staða 1.1.2014	0
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2014	(57)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2015	56
Staða 1.1.2015	(1)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2015	(133)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2016	133
Staða 31.12.2015	(1)

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2015	31.12.2014
Gengismunur	(1)	(1)
	(1)	(1)

16. Eignastýring

Eignir í eignastýringu hjá Íslandssjóðum hf. námu samtals 21,4 milljörðum króna í árslok 2015 en voru 19,0 milljarðar í árslok 2014.

17. Ábyrgðir utan efnahags

Í tengslum við rekstur Akurs slhf. hafa Íslandssjóðir gert samning við lögmannsstofu um eignarhald á ábyrgðaraðila samlagshlutafélaga. Hafa Íslandssjóðir ábyrgst skaðleysi af kostnaði, sköttum og opinberum gjöldum vegna starfseminnar.

18. Greiðslur frá Slitastjórn Glitnis

Í tengslum við uppgjör Slitastjórnar Glitnis bárust greiðslur í EUR, GBP, NOK og USD til peningamarkaðssjóða sem hefur verið slitið, Sjóðs 9, Sjóðs 9 EUR, Sjóðs 9 NOK og Sjóðs 9 USD. Greiðslurnar eru vegna almennra krafna framangreindra sjóða í bú Glitnis. Frekari greiðslna er vænt árið 2016 og unnið verður að úrlausn málsins. Greiðslurnar eru færðar með handbæru fé sem eign og til skuldar á skuldir við tengda aðila. Skuldin greinist þannig í milljónum króna:

	31.12.2015
Sjóður 9	59
Sjóður 9 EUR	45
Sjóður 9 NOK	2
Sjóður 9 USD	8
	114

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Stjórnarhættir Íslandssjóða hf. 2015

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Íslandssjóða hf. er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland með það að markmiði að styrkja innviði Íslandssjóða og auka gagnsæi.

Stjórnarháttayfirlýsing Íslandssjóða er aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.islandssjodir.is.

Íslandssjóðir fengu í desember 2013 viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“. Viðurkenningin er veitt af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands að undangenginni ítarlegri úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG ehf. Viðurkenningin gildir í þrjú ár nema verulegar breytingar hafi orðið á stjórn eða eignarhaldi fyrirtækis. Til að viðhalda viðurkenningu á milli ára þurfa fyrirtæki að upplýsa um breytingar sem hafa orðið á stjórnarháttum milli ára. Viðurkenning Íslandssjóða var endurnýjuð í ársbyrjun 2016.

Lög og reglur

Íslandssjóðir eru fjármálafyrirtæki og gilda um starfsemi m.a. ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði. Félagið er hlutafélag og gilda jafnframt um starfsemi þess ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995. Löggin má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is.

Félaginu ber lagaleg skylda til að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti en í störfum sínum hefur stjórn félagsins til hliðsjónar áðurnefndar leiðbeiningar ásamt Handbók stjórnarmanna, útgefinni af KPMG.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (5. útgáfu) er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is.

Um félagið

Íslandssjóðir eru sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem sérhæfir sig á sviði sjóðastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingarsjóða en auk þess starfar félagið á sviði eignastýringar. Hlutverk Íslandssjóða er að stýra eignum á faglegan hátt þar sem hagsmunir viðskiptavina eru ávallt í fyrirrúmi. Félagið var stofnað árið 1994 og nefndist þá Rekstrarfélag VÍB hf.

Íslandssjóðir hf. hafa gert útivistunarsamninga við Íslandsbanka þar sem Íslandsbanki tekur að sér ákveðin verkefni fyrir Íslandssjóði á grundvelli 18. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði. VÍB, eignastýringarþjónusta Íslandsbanka tekur að sér að hafa milligöngu um sölu og innlausn hlutdeildarskírteina, ráðgjöf og aðra þjónustu við eigendur hlutdeildarskírteina. Rekstrar- og upplýsingatæknisvið Íslandsbanka annast bókhald sjóðsdeilda, útreikning á innlausnarvirði og viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina. Íslandsbanki tekur jafnframt að sér vörslu eigna sjóðsdeilda/sjóða í rekstri hjá Íslandssjóðum í samræmi við skyldur vörslufyrirtækja samkvæmt c-lið II. kafla laga nr. 128/2011. Þá hefur félagið gert samninga við Íslandsbanka um útvistun regluvörslu og innri endurskoðunar til bankans.

Íslandssjóðir voru á meðal framúrskarandi fyrirtækja ársins 2011, 2012, 2013, 2014 og 2015 samkvæmt ítarlegu styrk- og stöðugleikamati Creditinfo.

Starfsmenn félagsins voru 11 í árslok 2015.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess sem hittast á hluthafafundum að minnsta kosti einu sinni á ári. Hluthafar fá send afrit af fundargerðum hluthafafunda. Á skrifstofu félagsins að Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík er haldin skrá yfir hluthafa þess og er hún aðgengileg hluthöfum.

Stjórn Íslandssjóða

Stjórn Íslandssjóða samanstendur af fjórum aðalmönnum og þremur varamönnum og eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Kynjahlutfall stjórnar er 50% konur og 50% karlar en tveir varamanna eru konur á móti einum karlmanni.

Stjórn félagsins ber meginábyrgð á rekstri þess og fer með æðsta vald í málefnum þess á milli hluthafafunda. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast nema heimild sé veitt í lögum til að framselja valdið með umboði.

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Á starfsárinu 2015 hittist stjórnin á 15 formlegum stjórnarfundum, þar af var einn fundur haldinn með rafrænum miðlum. Allir fundir voru ákvörðunarbærir og á fundina voru mættir allir stjórnarmenn.

Helstu hlutverk stjórnar

- Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og að hafa eftirlit með rekstri þess, sérstaklega bókhaldi og fjárreiðum, í samræmi við lög og samþykktir.
- Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins.
- Að ráða framkvæmdastjóra og ákveða starfskjör hans.
- Að taka ákvörðun um afskriftir eigna félagsins.
- Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun tekjuafgangs samkvæmt ársreikningi félagsins.
- Að veita prókúruumboð fyrir félagið.
- Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum, þ.á.m. að halda hlutaskrá um hluthafa.
- Stjórn skal ávallt fjalla um stofnun, slit og sameiningu sjóða í rekstri félagsins.
- Stjórn skal árlega meta störf sín verklag og starfshætti auk þess að meta störf framkvæmdastjóra félagsins og störf undirnefnda.

Stjórnarmenn skulu jafnframt þekkja þau lög og reglur sem um starfsemi félagsins gilda og þurfa að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig. Auk þess þurfa þeir að hafa skilning á markmiðum og verkefnum félagsins, tryggja að til staðar sé innra eftirlit, að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt og að lögum og reglum sé fylgt í rekstrinum. Einnig að sjá um að skipulag félagsins sé jafnan í góðu horfi og að hagsmuna allra hluthafa sé ávallt gætt. Stjórnarmenn þurfa að haga störfum sínum í samræmi við góða stjórnarhætti sbr. leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnar af Viðskiptaráði, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Stjórnarmenn Íslandssjóða

Steinunn Bjarnadóttir er formaður stjórnar. Hún er fædd árið 1956. Að aðalstarfi er hún forstöðumaður innra eftirlits og gæðamála hjá VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka. Hún var fyrst kjörin í stjórn félagsins í maí 2009 og var strax kjörin formaður stjórnar. Hún er rekstrarfræðingur og er með próf í verðbréfavíðskiptum. Steinunn situr í starfskjaranefnd Íslandssjóða. Hún situr ekki í stjórnnum annarra fyrirtækja. Hún á ekki eignarhlut í félaginu en vinnuveitandi hennar, Íslandsbanki, á 99,7% hlut í félaginu og telst hún því vera háð stórum hluthafa félagsins en er óháð félaginu.

Kristján Björgvinsson er varaformaður stjórnar. Hann er fæddur árið 1964. Að aðalstarfi er hann framkvæmdastjóri fjármálasviðs MS. Hann var fyrst kjörinn í stjórn félagsins sem varamaður en kom inn sem aðalmaður í apríl 2012. Hann er viðskiptafræðingur með M.Sc. gráðu í fjármálum auk þess að vera löggiltur endurskoðandi og með próf í verðbréfavíðskiptum. Kristján situr í endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd Íslandssjóða. Hann situr í stjórnnum annarra félaga tengdum störfum hans hjá MS. Kristján á ekki eignarhlut í félaginu og er óháður bæði félaginu og stórum hluthöfum þess.

Bolli Héðinsson er fæddur árið 1954. Aðalstarf hans er fjármálaráðgjöf auk kennslu í hagfræði, fjármálum og reikningshaldsgreinum við Tækni- og verkfræðideild HR og Viðskiptafræðideild HÍ. Hann var fyrst kjörinn í stjórn félagsins í apríl 2009. Hann er með lokapróf í þjóðhagfræði frá HÍ og MBA próf frá University of Rochester, New York. Bolli situr í stjórnnum innlendra og erlendra félaga. Hann á ekki eignarhlut í félaginu og er óháður bæði félaginu og stórum hluthöfum þess.

Erna Eiríksdóttir er fædd árið 1963. Að aðalstarfi er hún forstöðumaður fjárfestatengsla hjá Eimskip. Hún var fyrst kjörin í stjórn sem varamaður en kom inn sem aðalmaður í október 2009. Erna er viðskiptafræðingur með MBA gráðu auk þess að vera með próf í verðbréfavíðskiptum. Hún er jafnframt formaður endurskoðunarnefndar Íslandssjóða. Hún á ekki eignarhlut í félaginu og er óháð bæði félaginu og stórum hluthöfum þess.

Starfsreglur stjórnar

Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur sem voru endurskoðaðar og samþykktar þann 18. janúar 2016. Starfsreglur stjórnar má nálgast á heimasíðu félagsins.

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmdi formlegt árangursmat í mars 2015. Árangursmatið byggir m.a. á sjálfsmati hvers stjórnarmanns, mati á hvort starfsreglum og starfsáætlun hafi verið fylgt, ásamt eftirfylgni mála sem stjórnin hefur afgreitt. Jafnframt var framkvæmt mat á störfum undirnefnda félagsins og framkvæmdastjóra.

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Skipan og starfsemi undirnefnda

Tvær undirnefndir eru starfandi undir stjórn félagsins, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Starfsreglur stjórnar kveða á um hvernig skuli skipað í undirnefndir.

Endurskoðunarnefnd skal skipuð tveimur til þremur mönnum og skal að lágmarki einn þeirra vera úr stjórninni sjálfri. Stjórn kys nefndarmenn auk þess sem formaður nefndarinnar er kjörinn sérstaklega. Stjórn gefur út erindisbréf til endurskoðunarnefndar sem hún starfar eftir. Nefndarmenn endurskoðunarnefndar á árinu 2015 voru Erna Eiríksdóttir, formaður nefndarinnar, Kristján Björgvinsson og Þorgerður Marinósdóttir, löggiltur endurskoðandi og starfsmaður fjármálasviðs Landsvirkjunar. Á starfsárinu 2015 voru haldnir tveir fundir hjá endurskoðunarnefnd og mættu allir nefndarmenn á báðum fundi.

Starfskjaranefnd skal skipuð formanni og varaformanni stjórnar. Hlutverk nefndarinnar er útfært í erindisbréfi nefndarinnar. Nefndarmenn starfskjaranefndar á árinu 2015 voru Steinunn Bjarnadóttir og Kristján Björgvinsson. Á starfsárinu 2015 var haldinn einn fundur hjá starfskjaranefnd og mættu báðir nefndarmenn á fundinn.

Framkvæmdastjóri Íslandssjóða

Framkvæmdastjóri Íslandssjóða ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins gagnvart stjórn þess og hluthöfum. Skal hann sjá um að hagkvæmni og settum markmiðum verði sem best náð í rekstri og starfsemi félagsins. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum félagsins. Núverandi framkvæmdastjóri og jafnframt prókúruhafi er Haraldur Örn Ólafsson.

Haraldur er fæddur árið 1971 og er hæstaréttarlögmaður og með próf í verðbréfiðskiptum. Hann tók við sem framkvæmdastjóri félagsins í september 2012 en áður hafði hann um árabíl starfað í lögfræðideild Íslandsbanka og verið ráðgjafi bæði Íslandssjóða og VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka.

Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru skilgreindar í samþykktum félagsins og í starfsreglum stjórnar en að auki er til sérstök starfslýsing framkvæmdastjóra frá mars 2013 þar sem ábyrgðarsvið og verkþættir eru skilgreindir.

Samkvæmt samþykktum hefur framkvæmdastjóri með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og ákvarðanir stjórnar. Þar segir jafnframt að framkvæmdastjóra sé óheimilt, nema að fengnu leyfi stjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í öðrum atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað. Framkvæmdastjóri situr í stjórnnum félaga tengdu starfi hans hjá Íslandssjóðum. Auk þess á hann sæti í stjórn félags sem tengist ekki starfsemi Íslandssjóða.

Starfsreglur stjórnar kveða á um að framkvæmdastjóri skuli annast rekstur í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar, undirbúa fundi stjórnar í samráði við formann og sitja stjórnarfundum með málfrælsi og tillögurétt. Með umboði stjórnarformanns getur hann boðað fundi stjórnar og boðað varamenn í forföllum aðalmanna í samráði við stjórnarformann félagsins.

Starfslýsing framkvæmdastjóra kveður á um að hann beri ábyrgð á að sjóðir í stýringu, rekstrarfélagið og umsýsla sjóða sé í samræmi við lög og reglur. Hann á að sjá til þess að innra eftirlit og áhættustýring sé til staðar, hafa umsjón með starfsmanna- og launamálum í samráði við stjórnarformann, að stýra vöruframboði félagsins og hafa samskipti við endurskoðendur félagsins í samráði við stjórn og samskipti við opinbera aðila, s.s. Fjármálaeftirlitið.

Framkvæmdastjóri á ekki eignarhlut í félaginu og er óháður helstu viðskipta- og samkeppnisaðilum félagsins sem og stórum hluthöfum þess.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar félagsins

Innan félagsins er sérstök deild sem sinnir áhættustýringu og hefur með höndum verkefni sem lúta að innra eftirliti. Regluleg verkefni áhættustýringar eru m.a. að hafa eftirlit með fjárfestingum sjóða og safna, framkvæma áhættumat Íslandssjóða, sjá um gerð RCSA rekstraráhættuskýrslna, bæði árlegrar skýrslu auk sérgreinds mats, gerð ICAAP skýrslna og mánaðarlegrar skýrslu um áhættumælikvarða Íslandssjóða. Hjá félaginu er starfandi áhættunefnd sem er skipuð framkvæmdastjóra, áhættustjóra, sjóðstjóra og lögfræðingi félagsins. Nefndin metur útgefendur verðbréfa og form fjárfestingarkosta og veitir starfsmönnum og stjórnendum félagsins ráðgjöf um ýmis áhættutengd málafni.

Stjórn hefur gert þjónustusamning um innri endurskoðun við innri endurskoðandi Íslandsbanka. Innri endurskoðandi sér um úttektir á starfsemi félagsins og veitir endurskoðunarnefnd og stjórn reglulega upplýsingar auk þess að skila árlega skýrslu til bæði endurskoðunarnefndar og stjórnar. Félagið hefur einnig gert þjónustusamning um regluvörslu við Íslandsbanka og skilar regluvarsla árlega skýrslu um verkefni liðins starfsárs til framkvæmdastjóra og stjórnar.

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Stjórn hefur mótað og samþykkt áhættustefnu fyrir félagið og sjóði í rekstri þess þar sem m.a. er fjallað um áhættuvilja félagsins og framkvæmd áhættustýringar. Samkvæmt áhættustefnunni skal áhættustýring skila a.m.k. árlega skýrslu til stjórnar um framkvæmd áhættustýringar.

Ársreikningar félagsins

Starfsár Íslandssjóða er frá 1. janúar til 31. desember. Ársreikninga félagsins er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins. Ársreikningi vegna rekstrarársins 2014 var skilað til ársreikningaskrár 1. júní 2015.

Gildi félagsins, siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

Gildi félagsins eru eftirfarandi: Fagleg – Jákvæð – Framsýn.

Félagið hefur sett sér siðareglur sem samþykktar voru af stjórn 3. september 2012. Reglurnar eru birtar á heimasíðu félagsins. Reglurnar gilda fyrir alla starfsemi, starfsmenn og stjórnendur félagsins og þá verktaka sem ráðnir eru í einstök verkefni og er ætlað að leiðbeina við framkvæmd daglegra starfa. Í reglunum koma eftirfarandi viðmið fram:

- Við erum fagleg.
- Við drögum úr hættu á hagsmunaárekstrum.
- Við virðum trúnað.
- Við veitum réttar upplýsingar.
- Við erum til fyrirmyndar.

